

Þriðjudaginn 3. nóvember 1992.

Nr. 472/1991. **Jónas Ragnarsson**

gegn

Goða hf..

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1991. Samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, sætir málið kæru-meðferð fyrir Hæstarétti eftir 1. júlí 1992. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að hin kærða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og varnaraðila gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar á fjárnámsgerðinni og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í fógætarétti Keflavíkur var 19. september 1991 gert fjárnám í eignum sóknaraðila til tryggingar skuld samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð hafði verið á bæjarþingi Keflavíkur 27. ágúst sama ár. Með henni var sóknaraðila gert að greiða varnaraðila skuld, að fjárhæð 1.477.417,72 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 2. maí 1991 til greiðsludags og 21.885 krónum í bankakostnað svo og 160.672 krónur í málskostnað. Til grundvallar stefnunnar lá skuldabréf, er sóknaraðili hafði gefið út 2. apríl 1991 fyrir hönd Stórmarkaðarins í Keflavík, sem var skrásett einkafyrirtæki hans, en einnig hafði hann ritað á það sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Heildarkrafa varnaraðila var sundurliðuð í fjárnámsbeiðni 13. september 1991 og þar talin nema 1.902.804,82 krónum.

Fjárnámsgerðin hófst í skrifstofu bæjarfógeta, og hafði sóknaraðili verið kvaddur þangað með símskeyti, en var ekki mættur og hafði ekki tilkynnt um forföll. Var rétturinn fluttur að Iðuvöllum

14 B í Keflavík, þar sem Stórmarkaðurinn var til húsa. Var þar lýst yfir fjárnámi eftir ábendingum umboðsmanns varnaraðila í efri og neðri hæð fasteignarinnar Hringbrautar 92 í Keflavík og í óskiptum 12,5% eignarhlut sóknaraðila í hluta nr. 3 af fasteigninni Iðuvöllum 14 B svo og í 4 sérbúnum afgreiðsluborðum og 4 búðarkössum, sem voru á staðnum og í notkun í versluninni. Samhliða þessari gerð fór fram fjárnám til tryggingar skuld sóknaraðila við varnaraðila samkvæmt annarri áskorunarstefnu og þá í sömu fasteignum, en öðru lausafé.

Forföll sín við fjárnámsgerðina skýrir sóknaraðili með því, að hann hafi verið fjarverandi þennan dag af eðlilegum ástæðum, þar sem hann átti fertugsafmæli. Krefst hann ómerkingar á gerðinni með vísan til þess, að fjárnám hafi verið gert í mörgum eignum, án þess að virðing færi fram til að ganga úr skugga um, hvort skuld sín væri nægilega tryggð án aðfararveðs í þeim öllum, sbr. 23. gr. og 1. mgr. 45. gr. þágildandi laga nr. 19/1887 um aðför. Hafi enginn verið viðstaddur til að kveða á um það, hvort falla mætti frá virðingu sín vegna. Jafnframt hefði fógeti átt að gæta þess, að fjárnám væri ekki gert í fyrrgreindum lausafjármunum, þar sem þeir væru meðal nauðsynlegustu áhalda verslunarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1887, enda hefði í þess stað verið unnt að ganga að öðru lausafé á staðnum, svo sem vörubirgðum í versluninni. Telur sóknaraðili, að fógeta hafi skýlaust borið að kveðja réttargæslumann til að taka málstað sinn við gerðina samkvæmt 2. mgr. 34. gr. laga nr. 19/1887, sbr. 3. gr. laga nr. 15/1988, og vísar að því leyti til 24. gr. laga nr. 19/1887 og 25. gr. þeirra, sbr. 1. gr. laga nr. 15/1988.

Varnaraðili mótmælir þessum málsástæðum og heldur því fram meðal annars, að starfsfólk sóknaraðila í versluninni hafi færst undan áskorun frá fógeta um að taka málstað hans. Segir varnaraðili það hafa verið kunnugt við gerðina, að fjárnám í eignarhlutunum að Hringbraut 92 væri að líkindum vonlaust, þar sem þeir væru báðir undir nauðungaruppboði og mjög hátt veðsettir. Um eignarhlutinn í Iðuvöllum 14 B hafi það og legið fyrir samkvæmt veðbókavottorði frá 13. september 1991, að á honum hvíldi há veðskuld. Hafi því verið vafalaust, að leita þyrfti fjárnáms í fleiri eignum. Virði hinna fjárnumdu eigna hafi að engu leyti verið um-

fram þá skuld, sem tryggja átti, og hafi sóknaraðili ekki reynt að sýna fram á annað. Um hin fjárnumdu verslunaráhöld hafi það og átt við, að auðvelt væri fyrir sóknaraðila að útvega annan búnað í þeirra stað.

Fram er komið í málinu, að efri og neðri hæð húseignarinnar að Hringbraut 92 voru seldar á nauðungaruppboðum 27. nóvember 1991, og var fjárnámskrafa sóknaraðila fjarri því að hljóta þar fullnustu. Þá er og upplýst, að sóknaraðili seldi áðurgreint fyrirtæki sitt 1. október 1991 félaginu Iðuvöllum 14 B hf.

Í máli þessu hefur sóknaraðili ekki lagt fram gögn um virði þeirra eigna, sem fjárnámi var lýst í við hina kærðu fjárnámsgerð. Hann hefur ekki sýnt fram á, að hinir fjárnumdu lausafjármunir væru svo ómissandi fyrir atvinnu sína, að brýnt væri að sneiða hjá þeim við gerðina. Ekki verður heldur séð, að hann hafi reynt að koma málstað sínum á framfæri með því að leita endurupptöku á gerðinni, sbr. 52. gr. laga nr. 19/1887. Þegar litið er til þessa og til fyrrgreindra upplýsinga, verður sóknaraðili ekki talinn hafa leitt líkur að því, að hlutur hans við gerðina hafi verið fyrir borð borinn með neinum hætti, er varði ógildingu hennar. Ber því að staðfesta gerðina, eins og varnaraðili hefur krafist.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðila 25.000 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er staðfest.

Sóknaraðili, Jónas Ragnarsson, greiði varnaraðila, Goða hf., 25.000 krónur í kærumálskostnað.